

Hrönn Kristinsdóttir  
Oktober Productions  
Fiskislóð 75  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2015  
UST201507-037/S.P.  
09.06.01

### Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Oktober Productions, dagsett 8. júlí 2015 vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs í einn dag á tímabilinu 14-16. júlí 2015 vegna þýsku kvikmyndarinnar *Sólveg Karlsdóttir*. Umhverfisstofnun gaf út leyfi vegna sömu myndatöku þann 4. júní s.l. en ekkert varð að tókunum. Leyfið er nú gefið út með nýjum dagsetningum.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### *Lýsing framkvæmdar:*

Tökur fara fram á veginum milli Krísuvíkur og norðaustur enda Kleifarvatns. Nánari staðsetning liggur ekki fyrir fyrir en nær dregur tókunum. Áætlað er að tökur fari fram í 5-6 klst. 14, 15 eða 16. júlí. Verið er að mynda bíl á keyrslu eftir veginum. Loka þarf tímabundið fyrir umferð á meðan tökur fara fram með lokunarskiltum og fólki á lokunarpóstum. Lokanir verða í samráði við lögreglu. Base camp verður settur upp á bílastæðinu við Fúlapoll en þar verða tvær rútur, salernisaðstaða og 5 tækjabílar. Að tókunum koma 50 manns.


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tökur hefjast og þeim lýkur. Eins á hvaða svæði tökur munu fara fram.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Samþykki vegagerðar og lögreglu fáið fyrir lokun umferðar á veginum.
- Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimil. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Við bílastæðið við Fúlapoll skal þess gætt að gestir svæðisins hafi greiða leið að svæðinu og kvikmyndatökuliðið teppi ekki allt bílastæðið.
- Oktober Production skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni. Verður kvikmyndasvæðið og base camp svæðið tekið út áður en tókur hefjast og að þeim loknum. Umsækjandi greiðir allan útlagðan kostnað vegna eftirlitsins ásamt eftirlitsgjaldi sem er kr. 11.200 fyrir hverja klukkustund, sbr. gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013. Gert er ráð fyrir 2 klst. í eftirlit.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur